

9. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1984, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 686 22. desember 1981 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1983.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING**um veitingu leyfis til áætlunarflugs.**

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands hf. leyfi til reglubundins flugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum.

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Akureyri — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Höfn — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Egilsstaðir — Höfn — Fagurhólsmýri — Kirkjubæjarklaustur — Reykjavík — Kirkjubæjarklaustur — Fagurhólsmýri — Höfn — Egilsstaðir.

Leyfi þetta gildir frá 1. janúar 1984 til 31. desember 1984.

Samgönguráðuneytið, 27. desember 1983.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðalaga nr. 40/1968, er hér með sett sú regla um umferð á Akranesi, að biðskylda verði á Miðbæ gagnvart Kalmannsbraut.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 22. desember 1983.

Björgvin Bjarnason.